# COROLLA




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# TÍMAMÓT FYRIR COROLLU

KYNNTU ÞÉR MEST SELDA BÍL HEIMS




COROLLA HYBRID

# NÚ VELURÐU HYBRID

ÞÚ FELLUR FYRIR FRÁBÆRUM AKSTURSEIGINLEIKUM NÝRRAR COROLLU

Það er unun að aka Toyota Hybrid bíl. Þeir eru ótrúlega liprir og viðbragðsgóðir og í akstri innanbæjar bætist ofan á það hljóðlátur akstur á rafmagni. Þeir spara þar að auki bensín og draga úr útblæstri en viðhalda um leið aksturseiginleikum hefðbundinna bíla. Að lokum þarf ekki að stinga þeim í samband þar sem þeir eru sjálfhlaðandi. Það þarf því ekki að koma á óvart að meira en 12 milljónir ökumanna víðs vegar um heiminn hafi valið sér Toyota Hybrid.



2,0 LÍTRA HYBRID

## ÁNÆGJULEG Í AKSTRI

Hybrid hefur aldrei verið betri. Nýja 2,0 lítra Hybrid Dynamic Force vélin sem hönnuð var fyrir Corollu færir Hybrid aflrásina upp á nýtt og spennandi stig með miklu afli og áreynslulausri hröðun sem skilar sér í líflegum, kraftmiklum og skemmtilegum akstri alla daga.


COROLLA HYBRID


COROLLA HYBRID





FRÁBÆR Í BEYGJUM

## NJÓTTU AKSTURSINS

Nýtt heildrænt byggingarlag Toyota gefur Corollu Hybrid lága þyngdarmiðju sem dregur úr veltingi og eykur stjórn í beygjum. Einstaklega stíf yfirbygging eykur þægindi í akstri og tveggja spyrnu fjöðrun jafnar út högg frá ójöfnum í undirlagi og gerir aksturinn enn mýkri.

# GEFANDI AKSTURS-UPPLIFUN

NJÓTTU BÍLS SEM ER SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

Toyota leggur áherslu á að framleiða sífellt betri bíla. Af þeim sökum kynnum við til sögunnar nýtt heildrænt byggingarlag Toyota, hönnunargrunn sem skilar frábærri afkastagetu. Nýtt heildrænt byggingarlag Toyota er nú í fyrsta skipti notað á Corollu og þú finnur muninn greinilega þegar þú tekur af stað í frábærum aksturseiginleikunum og stöðugleika sem skila gefandi akstri. Njóttu ferðarinnar.

# HÖNNUÐ TIL AÐ VEKJA ATHYGLI

NÝ COROLLA GEISLAR FRÁ ÖLLUM HLIÐUM

Það fyrsta sem þú tekur eftir á nýju Corollu er afgerandi og kraftmikið ytra byrðið sem þú getur gert enn eftirtektarverðara með bi-tone lakki. Falleg, lágsett vélarhlíf skilar sér í rennilegum hliðarsvip sem er undirstrikaður með 18" álfelgum. Fram- og afturhlutarnir kalla fram kraftalega og breiða stöðu bílsins með breiðu og sportlegu grilli og stílhreinum LED-ljósum.

FJÖLGEISLA LED-AÐALLJÓS

## EINFALDLEGA SKÍNANDI

Bæði fram- og afturljósin eru með LED-ljósum sem skila mikilli birtu og útsýni með mjög lítilli orkunotkun. LED-ljósunum er raðað þannig upp að þau mynda fágaðar ávalar línur sem kallast á við rennilega hönnun bílsins. Ofan á þetta bætist sjálfvirkt háljósakerfið sem tryggir þér þá yfirsýn sem þú þarft án þess að blinda aðra ökumenn.







FLORIST
GALERIE GARRIE
COROLLA HYBRID





STEMNINGSLÝSING

## STEMNINGIN VALIN

Fátt hefur meiri áhrif á rými en lýsing. Þess vegna er stemningslýsingin allsráðandi í innanrými Corollu. Heiðblá lýsingin gefur innanrýminu stílhreint og sportlegt yfirbragð. Lágstemmt en áhrifaríkt atriði, eitt af mörgum sem tryggja að þér líður vel í þessum bíl.



# STÍLHREINT YFIRBRAGÐ

NJÓTTU FALLEGRAR HÖNNUNAR AÐ INNAN

Ef þér finnst ný Corolla falleg að utan áttu ekki eftir að verða fyrir vonbrigðum þegar þú sest inn í hana. Hönnuðir okkar hafa valið blöndu af hágæðaefnum sem fara einstaklega vel saman og bjóða auk þess upp á fjölbreytta áferð. Svartur litur gefur innanrýminu sportlegt yfirbragð en einnig er hægt að velja ljósgráan lit til að undirstrika rúmgóða og skipulagða hönnunina. Stílhrein sportsæti fullkomna að lokum útlitið.


Navigation
11:27



UPPLÝSINGASKJÁR

## VELDU ÞITT ÚTLIT

Á miðju mælaborðinu er 7" upplýsingaskjár í lit með öllum þeim upplýsingum sem þú þarft á að halda. Þar geturðu valið hefðbundinn hraðamæli með vísi, einfaldan stafrænan mæli eða mæli með einstakri þrívíddaráferð.




# TÆKNILAUSNIR FYRIR ALLAR FERÐIR

TIL AÐ GERA AKSTURINN ENN MÝKRI

Hugvitssamleg tækni tryggir ánægjulegan akstur í hvert skipti. 8" snertiskjár í lit veitir þér tafarlausan aðgang að Toyota Touch® 2-margmiðlunarkerfinu, auk þess sem hægt er að varpa skjá símans þíns á hann til að spila tónlist og hringja. Fyrsta flokks hljóðkerfi með átta hátölurum býður upp á magnaða tónlistarupplifun. Þráðlaust hleðslutæki fyrir farsíma tryggir að lokum að síminn þinn verður aldrei rafmagnslaus.





STÓR SÓLLÚGA

## HORFÐU TIL STJARNANNA

Stór sóllúga hleypir birtunni inn og gerir innanrýmið enn stærra. Þegar hún er opin hleypir hún fersku lofti inn og tengir þig við umhverfið um leið og rafknúin sólhlíf lágmarkar vindgnauðið.



# SESTU INN OG NJÓTTU

AFSLÖPPUÐ FERÐ, ALLTAF

Farþegarými nýju Corollu er hannað með þín þægindi í huga. Bólstruð sportsætin eru klædd, leðri, Alcantara® og vatteruðu áklæði, veita góðan stuðning og tryggja þægindi í lengri ferðum. Staða stýrisins er höfð eins náttúruleg og hægt er til að koma í veg fyrir þreytu. Stjórnrofar á stýri fyrir akstur, upplýsinga- og afþreyingarkerfi og hljómtæki gera þér kleift að hafa hendur á stýri, sem er með hita fyrir kaldari daga.

# PLÁSS FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

HÖNNUÐ FYRIR ÞINN LÍFSSTÍL

Ný Corolla Touring Sports veitir þér það pláss sem þú þarft, þegar þú þarfnast þess. Farþegar í aftursæti njóta sömu þæginda og þeir sem sitja í framsætum með nægu fótarými, sömu stemningslýsingu og upphituðum sætum þegar kalt er í veðri. Hæðarstillanlegt gólf, handhægir hliðarvasar og einföld niðurfelling aftursæta í rúmgóðu farangursrýminu bjóða auk þess upp á sveigjanleika til að flytja hvort sem er reiðhjól, golfpoka eða farangur fjölskyldunnar.

STILLANLEG GEYMSLA

## HUGVITS-SAMLEG OG HAGNÝT

Vönduð hönnun farangursgeymslunnar auðveldar þér að taka allt sem þú þarft með.

1. Hægt er að snúa gólfinu í farangursrýminu við, á annarri hliðinni er teppi en á hinni resínefni, þannig að þú getur áhyggjulaus flutt það sem þarf, hvort sem er garðplöntur, blauta blautbúninga eða hundinn. Ef þörf er á meira plássi er gólfið einfaldlega lækkað.

2. Þarftu meira pláss? Þú togar í handfang og eitt eða öll aftursætin leggjast sjálfkrafa saman.










OPNUN SKOTTS
# HANDFRJÁLS

Nokkrar líkur eru á því að þú haldir á einhverju þungu eða fyrirferðarmiklu þegar þú þarft að opna skottið. Þá er gott að hafa handfrjálsan hreyfiskynjara á afturhleranum. Þegar þú ert með snjalllykilinn á þér þarftu aðeins að renna fætinum undir afturstuðarann til að opna og loka farangursgeymslunni sjálfkrafa. Að lokum tryggir sjálfvirk læsing öryggi þess sem þú setur í skottið.

# HUGVITSSAMLEGT TOYOTA SAFETY SENSE

AFSLÖPPUÐ HUGARRÓ

Öll okkar verk eru hugsuð út frá öryggi þínu. Til dæmis greinir Toyota Safety Sense mögulega hættu og aðstoðar þig við að bregðast betur við. Annar hluti öryggisbúnaðarins er sjálfvirkur hraðastillir yfir allt hraðasviðið. Hraðastillirinn skilar, ásamt Hybrid tækni og sjálfskiptingunni, mjúkum og áreynslulausum akstri sem hentar sérstaklega vel innanbæjar. Fjölbreyttur akstursaðstoðarbúnaður á borð við bakkmyndavél, blindsvæðisskynjara, umferðarskynjara að aftan, snjallt bílastæðakerfi og sjálfvirkt háljósakerfi tryggja auk þess að ökuferðin er eins einföld og hún er ánægjuleg. Bæði þú og farþegar þínir eruð öruggari og afslappaðri.




Fáðu frekari upplýsingar um Toyota Safety Sense á www.toyota.is




TOYOTA SAFETY SENSE

# SNJÖLL AÐSTOÐ

1. Sjálfvirkt háljósakerfi
Greinir ljós frá ökutækjum sem koma úr gagnstæðri átt og skiptir sjálfkrafa milli háljósa og lágljósa.

2. Umferðarskiltaaðstoð
Greinir umferðarskilti fram undan og birtir gagnlegar upplýsingar, svo sem um gildandi hámarkshraða, á TFT-litaskjánum.

3. Árekstrarviðvörunarkerfi með greiningu gangandi vegfarenda í myrkri
Greinir önnur ökutæki og gangandi vegfarendur sem verða á vegi bílsins. Ef árekstur er óumflýjanlegur er ökumaðurinn varaður við. Takist ökumanninum ekki að bregðast við í tæka tíð eru hemlarnir virkjaðir sjálfkrafa.

4. Árekstraröryggiskerfi með greiningu hjólreiðafólks
Greinir hjólreiðafólk og ökutæki fyrir framan bílinn. Þegar hætta er á árekstri er ökumaðurinn varaður við. Ef ökumaðurinn bregst ekki við eru hemlarnir virkjaðir sjálfkrafa.

5. Sjálfvirkur hraðastillir yfir allt hraðasviðið
Heldur bílnum á stöðugum hraða án þess að nota þurfi eldsneytisgjöfina. Ef fjarlægðin styttist er dregið úr hraða til að halda réttri fjarlægð á milli ökutækjanna.

6. Akreinastýring
Ef bíllinn byrjar að reika frá miðju akreinarinnar leiðréttir stýrisaðstoð stefnuna.

TÆKNILÝSING VÉLA

# ÁFRAM VEGINN

BENSÍN

1,2 L, FORÞJAPPA, 6 B.SK./S.SK.

Afl 114 DIN hö.
Eldsneytisnotkun* 5,1–5,6 l/100 km
Losun koltvísýrings ($CO_2$)* 116–128 g/km
0–100 km/klst. 10,0-10,3 sekúndur
Í boði í: Live, Active

HYBRID

1,8 L BENSÍN HYBRID, E-CVT

Afl 122 DIN hö.
Eldsneytisnotkun* 3,3–3,6 l/100 km
Losun koltvísýrings ($CO_2$)* 76–83 g/km
0–100 km/klst. 10,9-11,1 sekúndur
Í boði í: Live, Active, Style, Luxury

HYBRID

2,0 L HYBRID DYNAMIC FORCE, E-CVT

Afl 180 DIN hö.
Eldsneytisnotkun* 3,7–3,9 l/100 km
Losun koltvísýrings ($CO_2$)* 84–89 g/km
0–100 km/klst. 7,9-8,1 sekúndur
Í boði í: Active, Style, Luxury







B.SK. = beinskipting
S.SK. = sjálfskipting
e-CVT = rafstýrð stiglaus gírskipting
* Blandaður akstur.

TVÆR HYBRID VÉLAR

## ÞITT ER VALIÐ

Þú getur valið á milli tveggja Hybrid véla. 1,8 lítra Hybrid býður upp á þann mjúka og hljóðláta akstur sem búast má við frá Toyota. 2,0 lítra Hybrid Dynamic Force aflrásin býður upp á aukið afl og áreynslulausa hröðun sem skila sér í kraftmiklum og liprum akstri. Ökuferðin verður alltaf ánægjuleg í nýrri Corollu, óháð því hvora vélina þú velur.

# VIÐ VELJUM FRELSI

UPPLIFÐU NÝJA COROLLU

Heimurinn velur Hybrid og ný Corolla hefur Toyota Hybrid kerfið upp á næsta stig. Viðbragð vélarinnar hefur verið bætt sem og afköst Hybrid rafhlöðunnar aukin. Þetta skilar sér í frábæru viðbragði og hrífandi akstursupplifun. Við þetta bætist að rafmótorarnir og aukin sparneytni skila betri eldsneytisnýtingu og draga enn frekar úr útblæstri. Niðurstaðan er bíll sem býður upp á framúrskarandi afköst, sparneytni og tæra akstursánægju.

# FINNDU ÞÍNA COROLLU

SKOÐAÐU ALLA LÍNUNA





BÚNAÐUR

# LIVE

Helsti búnaður
— 15" stálfelgur með hjólkoppum (6 tvískiptir armar)
— Aðalljós lýsa leiðina heim að dyrum
— Birtuskynjari
— Upphitaðir hliðarspeglar
— Stillanlegur hraðatakmarkari
— Sjálfvirkt háljósakerfi
— Hugvitssamlegur sjálfvirkur hraðastillir
— HAC-kerfi
— Árekstraröryggiskerfi með greiningu gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks
— Akreinastýring
— Umferðarskiltaaðstoð
— Svart áklæði
— 7" margmiðlunarskjár
— Gangsetningarhnappur
— Sjálfvirk tveggja svæða loftkæling
— Lýsing fyrir innstig

Aukabúnaður
— Bakkmyndavél

Nánari upplýsingar um muninn á Hybrid útfærslum og hefðbundnum útfærslum er að finna á bls. 44–55.



MIKLU MEIRA
EN ÞAÐ ALLRA
NAUÐSYNLEGASTA




BÚNAÐUR

# ACTIVE

Helsti búnaður (umfram Live)
— 16" álfelgur (5 tvískiptir armar)
— LED-aðal- og afturljós
— Þokuljós að framan (LED-ljós)
— Svart eða svart/grátt vatterað áklæði með gráum saumi
— Toyota Touch® 2 with Go-leiðsögukerfi með Íslandskorti
— Sex hátalarar
— 8" skjár með Toyota Touch® 2-margmiðlunarkerfi
— USB-tengi (2)
— Leðurklæddur gírstangarhnúður
— Breytilegar hjálparlínur á skjá bakkmyndavélar
— 7" upplýsingaskjár
— Hiti í stýri
— Sjálfvirkt tveggja svæði loftræstikerfi
— Þráðlaus hleðsla fyrir farsíma
— Hiti í framsætum
— Rafdrifinn mjóbaksstuðningur

Aukabúnaður
— Stór sóllúga og skyggðar hliðarrúður

Nánari upplýsingar um muninn á Hybrid útfærslum og hefðbundnum útfærslum er að finna á bls. 44–55.






## HÁGÆÐABÚNAÐUR OG FÁGAÐ INNANRÝMI




18" álfelgur á Corolla Touring Sports á mynd
fáanlegar sem aukabúnaður.




BÚNAÐUR

# STYLE

Helsti búnaður (umfram Active)
- 17" tvílitar álfelgur með vélunnu yfirborði (10 arma)
- Bi-tone yfirbygging
- Skyggðar afturrúður
- LED-aðalljós með tvöföldum geisla

Nánari upplýsingar um muninn á Hybrid útfærslum og hefðbundnum útfærslum er að finna á bls. 44–55.



## FLOTT BI-TONE ÚTLIT OG ÓVIÐJAFNANLEGT INNANRÝMI




BÚNAÐUR

# LUXURY

Helsti búnaður (umfram Active)
— 17” silfraðar álfelgur (5 þrískiptir armar)
— LED-aðalljós með tvöföldum geisla
— Blindsvæðisskynjari
— Skyggðar afturrúður
— Umferðarskynjari að aftan
— Svart leður að hluta, rauður saumur og svört skreyting
— Átta hátalarar
— Fyrsta flokks JBL-hljóðkerfi (einungis fyrir H/B)
— Sportsæti að framan
— Regnskynjari í framrúðu
— Baksýnisspegill með glampavörn
— Lykillaust aðgengi
— Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan

Aukabúnaður
— Stór sóllúga

Nánari upplýsingar um muninn á Hybrid útfærslum
og hefðbundnum útfærslum er að finna á bls.
44–55.





# FÁGUÐ BLANDA STÍLS OG BÚNAÐAR




# STÍLHREINT ÚTLIT

VELDU LIT



040 hvítur



1H5 blágrár[§]



3U5 rauður[§]



8Q4 dökkblár



070 perluhvítur*



1J6 platínulitaður[§]



4W9 dökkbrúnn[§]



8U6 blár[§]



1F7 silfurlitaður§



209 svartur§



6X1 bronslitaður§

* Lakk með perlumóðuráferð.

§ Sanserað lakk.

# BI-TONE LITAVAL



2KR perluhvítur*/svartur§



2RD platínulitaður§/svartur§



2RF bronslitaður§/svartur§



2SZ rauður§/svartur§



# FELGUR SEM VEKJA EFTIRTEKT

VELDU ÁLFELGUR



15" stálfelgur með hjólkoppum
(6 tvískiptir armar)
Staðalbúnaður í Live



16" álfelgur (5 tvískiptir armar)
Staðalbúnaður í Active



17" tvílitar álfelgur með
vélunnu yfirborði (10 arma)
Staðalbúnaður í Style



Silfraðar 17" álfelgur (5 þrískiptir armar)
Staðalbúnaður í Luxury
Aukabúnaður í Live, Active og Style

# FLEIRI FELGUR



Silfraðar 16" álfelgur (5 arma)
Aukabúnaður í öllum útfærslum



Svartar 17" álfelgur (5 þrískiptir armar)
Aukabúnaður í öllum útfærslum



Tvílitar 18" álfelgur með
vélunnu yfirborði (5 tvískiptir armar)
Aukabúnaður í Active, Style og Luxury



Tvílitar 18" álfelgur með
vélunnu yfirborði (5 tvískiptir armar)
Aukabúnaður í Active, Style og Luxury



Svart áklæði
Staðalbúnaður í Live



Svart vatterað áklæði
með gráum saumi
Staðalbúnaður í Active,
Style





Svart/grátt vatterað
áklæði með gráum saumi
Staðalbúnaður í Active,
Style

# STÍLL OG ÞÆGINDI

VELDU ÞÉR SÆTI









Svart leður að hluta,
rauður saumur og svört
skreyting
Staðalbúnaður í Luxury



Svart/grátt leður að hluta
og svört skreyting
Staðalbúnaður í Luxury



Svart gatað leður og
satínkrómuð skreyting
Aukabúnaður í Luxury



Brúnt gatað leður og
satínkrómuð skreyting
Aukabúnaður í Luxury



Svart gatað leður með
rauðum innfellingum og
satínkrómuð skreyting
Aukabúnaður í Luxury



Grátt gatað leður og
satínkrómuð skreyting
Aukabúnaður í Luxury













# LOKA-FRÁGANGURINN

VELDU AUKAHLUTI

Aukahlutir frá Toyota eru hannaðir og framleiddir með sömu áherslu á gæði og Corolla. Þeir gera þér kleift að setja þitt eigið stílhreina, hagnýta og snjalla mark á bílinn.







## KRÓMPAKKI

Línur Corollu eru sportlegar og kröftugar. Krómpakkinn er tilvalin leið til að undirstrika þetta útlit á látlausan en þó afgerandi máta.

Listi á framstuðara
Þessi einstaki krómlisti kallar fram framstuðara og grill og gefur þeim stílhreint yfirbragð.

Hliðarlistar
Leggðu áherslu á straumlínulögun Corollu með fallegu krómi.

Listi á neðri hluta skotts
Látlaus krómlisti á neðri hluta skottsins fullkomnar stílhreint útlitið.




# SVARTUR PAKKI

Svarti pakkinn er látlaus og lágstemmdur á afgerandi máta. Hann er fullkominn til að leggja áherslu á rennilegan og fágaðan stíl Corollu.

Listi á framstuðara
Leggðu látlausa áherslu á grill og framstuðara Corollu með stílhreinum svörtum lista, neðst á framstuðarann.

Hliðarlistar
Þessir svörtu listar falla fullkomlega að Corolla og undirstrika útlínur bílsins.

Listi á efri hluta skotts
Lágstemmd viðbót á skott Corollu sem gefur því fágað yfirbragð.

# HYBRID-PAKKI

Corolla Hybrid er sérstakur bíll. Hybrid-pakkinn sýnir hversu umhugað þér er um plánetuna okkar og lífgar enn frekar upp á bílinn þinn.



Lyklahlíf
Hlífin ver lykilinn um leið og Hybrid merkið gefur til kynna að þér sé annt um framtíð plánetunnar.



Sílsahlífar
Verðu sílsana gegn sliti um leið og minnir á að þú akir Corollu Hybrid.

Aukahlutirnir hér að ofan eru aðeins lítið brot af fjölbreyttu úrvali okkar.

Þú getur fengið þarfir þínar og óskir uppfylltar með aukahlutum frá Toyota: Auktu öryggið með bílastæðakerfi Toyota og barnabílstól. Vertu í betra sambandi með leiðsagnareiningu frá Toyota. Njóttu grunnþæginda með geymsluhólfi eða öskubakka.

Tæmandi yfirlit er að finna á vefsvæði Toyota.




## ORLOFSPAKKI

Þegar haldið er í fríið skiptir aukið geymslupláss miklu máli, hvort sem er fyrir föt eða tómstundabúnað. Frípakkinn býður upp á allt það sem þú þarft í sumar- og vetrarfríin.

Þverbogar
Þverbogarnir eru straumlínulagaðir, með læsingum, og smella auðveldlega ofan á þakboga Corollu. Hægt er að festa fjölbreytt úrval búnaðar á þá.

Thule Motion 800-skíðabox
Rúmgott og straumlínulagað box sem hægt er að opna frá báðum hliðum. Ekki er hægt að fjarlægja lykilinn fyrr en allir láspunktar eru lokaðir.

## FLUTNINGAPAKKI

Flutningapakkinn býður upp á þá aukahluti sem þarf, alveg óháð lífsstíl. Hver einasti hlutur er hannaður til að falla fullkomlega að Corollu.

Dráttarkrókur fjarlægður með láréttu átaki
Þú þarft ekki alltaf að nota krók og þess vegna er hægt að taka þennan af. Krókurinn er einfaldur í uppsetningu, með lás og með sterkt ryðþolið yfirborð.

Hlíf á afturstuðara
Verðu afturstuðarann og lakkið gegn rispum og núningi þegar verið er að renna þungum eða fyrirferðarmiklum hlutum í farangursgeymsluna.

Gúmmímotta í skotti
Mottan er sérsniðin fyrir Corollu og ver bílinn gegn óhreinindum, vökva sem hellist niður eða skítugum loppum. Mottan er líka með skrikvörn sem kemur í veg fyrir að farangurinn renni til.



Spjaldtölvufesting
Tengikvíin í höfuðpúðanum tryggir stöðuga undirstöðu. Festingin hentar mismunandi stærðum spjaldtölva, sem hægt er að snúa bæði beint upp og á hlið, auk þess að vera með hallastillingu.



Geymsla í varadekki
Varadekkið býður upp á hentugt geymslurými. Þar er hægt að geyma dráttarkrók, öryggispakka, dekkjaviðgerðasett, sjúkrakassa og öryggisfelguró, dráttartaug og startkapla.

# HLÍFÐARPAKKI

Corolla er fallegur bíll og hlífðarpakkinn tryggir að hann haldist þannig. Hann ver gegn skemmdum við árekstur á litlum hraða og rispum þegar lagt er í stæði.

Aurhlífar
Þessar hlífar verja yfirbyggingu bílsins gegn aur, vatni og möl við brettakanta að framan og aftan.

Fjarlægðarskynjarar að framan
Þegar lagt er í stæði eða þegar bíllinn nálgast lága hluti á minna en 20 km/klst. gefur kerfið frá sér viðvörun sem hækkar eftir því sem hluturinn nálgast.

Fjarlægðarskynjarar að aftan
Þetta kerfi virkar eins og kerfið að framan, gefur frá sér viðvörun þegar lagt er í stæði eða þegar bíllinn nálgast lága hluti á minna en 20 km/klst. og hækkar eftir því sem hluturinn nálgast.

Gúmmímotta í skotti
Mottan er með skrikvörn og sérsniðin fyrir Corollu og ver bílinn gegn óhreinindum, vökva sem hellist niður eða skítugum loppum.

Hlíf á afturstuðara
Verðu afturstuðarann og lakkið gegn rispum og núningi við hleðslu farangursgeymslunnar.



# TÆKNILÝSING

| UMHVERFISÞÆTTIR | | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|---|
| Eldsneytisnotkun (viðeigandi löggjöf) | | | | | |
| Eldsneytisnotkun, innanbæjar (l/100 km) | HB<br>TS | 7,0<br>7,0 | 5,9<br>5,9 | 3,2-3,5<br>3,2-3,5 | 3,4-3,6<br>3,4-3,6 |
| Eldsneytisnotkun, utanbæjar (l/100 km) | HB<br>TS | 4,8<br>4,7 | 4,6<br>4,7 | 3,6-3,8<br>3,5–3,8 | 3,8-4,0<br>3,8-4,0 |
| Eldsneytisnotkun, blandaður akstur (l/100 km) | HB<br>TS | 5,6<br>5,6 | 5,1<br>5,1 | 3,3-3,6<br>3,3–3,6 | 3,7-3,9<br>3,7-3,9 |
| Rúmtak eldsneytisgeymis (lítrar) | | 50 | 50 | 43 | 43 |
| Koltvísýringur, $CO_2$ (viðeigandi löggjöf) | | | | | |
| Losun koltvísýrings ($CO_2$), innanbæjar (g/km) | HB<br>TS | 161<br>160 | 135<br>135 | 73-80<br>73-80 | 77-82<br>77-82 |
| Losun koltvísýrings ($CO_2$), utanbæjar (g/km) | HB<br>TS | 109<br>108 | 106<br>108 | 81–87<br>81–87 | 88–92<br>88–92 |
| Losun koltvísýrings ($CO_2$), meðaltal (g/km) | HB<br>TS | 128<br>128 | 116<br>116 | 76-83<br>76-83 | 85–89<br>84–89 |
| Losun með útblæstri (reglugerð EB/715/2007 eins og henni var breytt með ESB 2017/1347 AG) | | | | | |
| Mengunarstaðall | | EURO 6 AG | EURO 6 AG | EURO 6 AG | EURO 6 AG |
| Kolmónoxíð, CO (mg/km) | HB<br>TS | 211,8 / 268,1*<br>211,8 | –<br>221,4 | 104,8<br>104,8 | 188,2 / 211,2 *<br>188,2 / 211,2 * |
| Vetniskolefni, öll (mg/km) | HB<br>TS | 18,5 / 19,6*<br>18,5 | –<br>18,6 | 12,4<br>12,4 | 20,7 / 22,3*<br>20,7 / 22,3* |

| UMHVERFISÞÆTTIR | | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|---|
| Vetniskolefni, önnur en metan (mg/km) | HB | 14,9 / 15,6* | – | 9,3 | 17,7 / 19,2* |
| | TS | 14,9 | 16,1 | 9,3 | 17,7 / 19,2* |
| Köfnunarefnisoxíð, NOx (mg/km) | HB | 25,0 / 30,8 | – | 3,0 | 4,0 / 4,3* |
| | TS | 30,8 | 11,6 | 3,0 | 4,0 / 4,3* |
| Sótagnir (mg/km) | HB | 0,45 / 0,56* | – | – | 0,26 / 0,34* |
| | TS | 0,56 | 1,24 | – | 0,26 / 0,34* |
| Hljóðstig í akstri (dB(A)) | | 67 | 67 | 67 | 67 |

HB = Hatchback TS = Touring Sports B.SK. = beinskipting M/D S = Multidrive S e-CVT = rafstýrð stiglaus gírskipting. * Fer eftir útfærslu.

Mælingar á eldsneytisnotkun og magni koltvísýrings í útblæstri eru gerðar á bíl úr framleiðslulínunni og fara fram við stýrð umhverfisskilyrði, í samræmi við lagakröfur nýju Evrópureglugerðarinnar um NEDC-gildi. Fyrir hverja grunnstillingu bíls er hægt að reikna endanleg gildi fyrir eldsneytisnotkun og losun koltvísýrings út frá pöntuðum aukabúnaði. Eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun bílsins getur hugsanlega verið önnur en mælingar segja til um þar sem aksturslag ásamt öðrum þáttum (s.s. ástandi vega, umferð, ástandi bíls, loftþrýstingi í hjólbörðum, farmi, fjölda farþega o.s.frv.) hefur áhrif á eldsneytisnotkun bílsins og koltvísýringslosun.

# TÆKNILÝSING

| VÉL | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|
| Vélarkóði | 8NR-FTS | 8NR-FTS | 2ZR-FXE | M20A-FXS |
| Fjöldi strokka | 4, í línu | 4, í línu | 4, í línu | 4, í línu |
| Eldsneytiskerfi | Eldsneytisinnspýting | Eldsneytisinnspýting | Eldsneytisinnspýting | Eldsneytisinnspýting |
| Slagrými (cc) | 1197 | 1197 | 1798 | 1987 |
| Stimpilstærð (mm x mm) | 71,5 x 74,5 | 71,5 x 74,5 | 80,5 x 88,3 | 80,5 x 97,62 |
| Þjöppunarhlutfall | 10,0:1 | 10,0:1 | 13,0:1 | 14,0:1 |
| Hámarksafköst (DIN hö.) | 116 | 116 | 98 | 153 |
| Hámarksafköst (kW/sn./mín.) | 85/5200 | 85/5200 | 72/5200 | 112/6000 |
| Hámarkstog (Nm/sn./mín.) | 185/1500–4000 | 185/1500–4000 | 142/3600 | 190/4400–5200 |
| Heildarafköst hybrid-kerfis (DIN hö.) | – | – | 122 | 180 |
| Heildarafköst hybrid-kerfis (kW) | – | – | 90 | 132 |

| Rafmótor að framan | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|
| Gerð | Riðstraumsmótor með sísegli | |
| Hámarksafl (kW) | 37,0 | 48,0 |
| Hámarkstog (Nm) | 163 | 202 |

| Rafhlaða í hybrid-bíl | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|
| Gerð | EV-NLR09 | EV-MNR01 |
| Málspenna (V) | 207 | 216 |
| Fjöldi rafhlöðueininga | 56 | 180 |
| Rafgeymisrýmd (3HR) ampst. | 3,6 | 6,5 |

| AFKÖST | | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|---|
| Hámarkshraði (km/klst.) | HB | 200 | 195 | 180 | 180 |
| | TS | 195 | – | 180 | 180 |
| 0–100 km/klst. (sek.) | HB | 10,3 | 10,0 | 10,9 | 7,9 |
| | TS | 10,5 | 10,8 | 11,1 | 8,1 |
| Loftviðnámsstuðull | HB | 0,31 / 0,32* | 0,31 | 0,31 / 0,32* | 0,32 |
| | TS | 0,31 / 0,33* | – | 0,31 | 0,31 / 0,33* |

| ÞYNGD OG DRÁTTARGETA | | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarþyngd bíls (kg) | HB<br>TS | 3120<br>3150 | –<br>3170 | 2570<br>2585 | 2660<br>2705 |
| Eigin þyngd (kg) | HB<br>TS | 1240–1390<br>1305–1440 | –<br>1315–1460 | 1285–1400<br>1290–1430 | 1340–1510<br>1370–1560 |
| Dráttargeta með hemlum (kg) | | 1300 | 1300 | 750 | 750 |
| Dráttargeta án hemla (kg) | | 450 | 450 | 450 | 450 |

| FJÖÐRUN | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|
| Framfjöðrun | MacPherson-gormafjöðrun | MacPherson-gormafjöðrun | MacPherson-gormafjöðrun | MacPherson-gormafjöðrun |
| Afturfjöðrun | Tveggja spyrnu fjöðrun | Tveggja spyrnu fjöðrun | Tveggja spyrnu fjöðrun | Tveggja spyrnu fjöðrun |

| HEMLAR | 1,2 l, forþjappa, bensín, 6 B.SK. | 1,2 l, forþjappa, bensín, M/D S | 1,8 l Bensín Hybrid e-CVT | 2,0 l Hybrid Dynamic Force e-CVT |
|---|---|---|---|---|
| Framhemlar | Loftkældir diskar | Loftkældir diskar | Loftkældir diskar | Loftkældir diskar |
| Afturhemlar | Diskar | Diskar | Diskar | Diskar |

| MÁL INNANRÝMIS OG HLEÐSLURÝMI | Hatchback 5 dyra | Touring Sports 5 dyra |
|---|---|---|
| 5 sæti uppi: miðlína (lítrar) | 361 / 313* | 596 / 581* |
| Tvö sæti uppi: þak (lítrar) | 1052 / 1004 * | 1606 / 1591* |
| Innri breidd (mm) | 1510 | 1510 |
| Innri hæð (mm) | 1155 | 1155 |
| Breidd farangursrýmis (mm) | 1395 | 1430 |
| Hæð farangursrýmis (mm) | 770 / 800* | 850 |
| Farangursrými: 2 sæti uppi – lengd (mm) | 1795 | 1860 |
| Farangursrými, hæð upp að farangurshlíf (mm) | 520 / 350* | 520 |

HB = Hatchback    TS = Touring Sports    B.SK. = beinskipting    M/D S = Multidrive S    e-CVT = rafstýrð stiglaus gírskipting. * Fer eftir útfærslu.

# TÆKNILÝSING

| YTRI MÁL | Hatchback 5 dyra | Touring Sports 5 dyra |
|---|---|---|
| Ytri lengd (mm) | 4370 | 4650 |
| Ytri breidd (mm) | 1790 | 1790 |
| Ytri hæð (mm) | 1435 | 1435 |
| Sporvídd að framan (mm) | 1530 | 1530 |
| Sporvídd að aftan (mm) | 1530 | 1530 |
| Skögun að framan (mm) | 935 | 935 |
| Skögun að aftan (mm) | 795 | 1015 |
| Hjólhaf (mm) | 2640 | 2700 |

| STÝRISBÚNAÐUR | Hatchback 5 dyra | Touring Sports 5 dyra |
|---|---|---|
| Beygjuradíus – hjólbarði (m) | 10,2 / 10,6* | 10,4 / 10,8* |

| FELGUR | Live | Hybrid Live | Active | Hybrid Active | Style | Hybrid Style | Luxury | Hybrid Luxury |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15" stálfelgur með hjólkoppum (6 tvískiptir armar) | ● | ● | – | – | – | – | – | – |
| 16" álfelgur (5 tvískiptir armar) | ○ | – | ● | ● | – | – | – | – |
| 17" tvílitar álfelgur með vélunnu yfirborði (10 arma) | – | – | ○ | ○ | ● | ● | – | – |
| 17" silfraðar álfelgur (5 þrískiptir armar) | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | ● | ● |
| 18" tvílitar álfelgur með vélunnu yfirborði (5 tvískiptir armar) | – | – | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ |
| Varadekk til bráðabirgða | – | ● | ● | ● | – | – | – | – |
| Dekkjaviðgerðasett | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |

● = staðalbúnaður ○ = aukabúnaður – = ekki í boði * Fer eftir útfærslu.


1435 mm
1530 mm
1790 mm
795 mm
2640 mm
935 mm
4370 mm
1530 mm
1790 mm


1435 mm
1530 mm
1790 mm
1015 mm
2700 mm
935 mm
4650 mm
1530 mm
1790 mm

# BÚNAÐUR

| YTRI HÖNNUN | Live | Hybrid Live | Active | Hybrid Active | Style | Hybrid Style | Luxury | Hybrid Luxury |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gljásvart efra framgrill | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Svart neðra framgrill | ● | ● | ● | – | – | – | – | – |
| Svartsanserað neðra framgrill | – | – | ○ | ● | ● | ● | ● | ● |
| Svört umgjörð um neðra framgrill | ● | ● | ● | – | – | – | – | – |
| Svartsanseruð umgjörð um neðra framgrill | – | – | ○ | ● | ● | ● | – | – |
| Satínkrómumgjörð um neðra framgrill | – | – | – | – | – | – | ● | ● |
| Neðra framgrill með neti | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Afturstuðari með króminnfellingum | – | – | – | ●* | – | ●* | – | ●* |
| Samlitur afturstuðari | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Gljásvartur dreifari | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Króm á pústi§ | – | – | – | ●* | – | ●* | – | ●* |
| Samlit vindskeið að aftan | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Samlitir hliðarspeglar | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Samlitir hurðarhúnar | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Svartur gluggakarmur | ● | ● | ● | ● | ● | – | – | – |
| Krómaðir gluggakarmar | – | – | – | ○ | – | ● | ● | ● |
| Skyggð afturrúða | – | – | ○ | ○ | ● | ● | ● | ● |
